

Alþingi
Erindi nr. P 135/1716
komudagur 10.3.2008



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Samtökin styðja í meginatriðum efni frumvarpsins þó þau telji það nokkur vonbrigði að ekki var fært að halda raf- og rafeindatækjaúrgangi innan sama kerfis og öðrum vöruflokkum sem sambærileg framleiðendaábyrgð er komin á.

Frumvarpið er nokkuð nákvæm lýsing á kerfi sem á að setja upp. Eðlilegt er að löggjafinn vilji hafa hugmynd um útfærslu á nýju kerfi sem þessu en hér er langt seilst í að skrifa útfærsluna inni löggjöfina. Auðvelt er að freistast til þess að skrifa löggjöf sem þessa í smáatriðum út frá núverandi stöðu mála til að binda alla lausa enda. Reynslan af framleiðendaábyrgð hingað til, t.d. hjá Úrvinnslujóði, hefur hins vegar kennt okkur að lagaramminn þarf að vera opin til að hann standi ekki í vegi fyrir þróun í greininni. Reynslan hefur einnig kennt okkur að vel er hægt að reka kerfi byggt á framleiðendaábyrgð þar sem samningar eru gerðir milli aðila, án þess að ríkisvaldið setji fram nákvæma forskrift fyrir því hvernig þeir samningar skulu vera. Dæmi um slík kerfi eru Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan.

Í frumvarpinu er ítrekað talað um „söfnunarstöðvar sveitarfélaga“. Gerð er athugasemd við þetta orðalag því úrgangi er safnað víða annars staðar en á þessa staði. Færst hefur í aukana að einkaaðilar reki söfnunarstöðvar og eðlilegt er að allar slíkar stöðvar standi jafnfætis gagnavart lögunum. Að auki er þróunin í þá átt að söfnun á flokkuðum úrgangi er ekki endilega bundin við söfnunarstöðvar, sem dæmi þá hefur heimasöfnun færst í aukana. Með því að rígbinda hugtakið „söfnunarstöðvar sveitarfélaga“ í löggjöfina er verið að freista þess að frysta söfnunarleiðir í núverandi stöðu. Í lögum um meðhöndlun úrgangs, 4. gr., er sveitarfélögum gert skylt að reka söfnunarstöðvar, án þess að tilgreint sé hvaða úrgangi skuli safnað þar, en varðandi þennan tiltekna úrgang er gengið lengra og lagt á sveitarfélögin að bjóða söfnun á honum á þessum tilteknu stöðvum. Þannig er lögð ríkari skylda á sveitarfélögin varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang en annan úrgang. Samtökin beina því til nefndarinnar að endurskoða orðalag og orða þetta á opnari hátt þannig að skilakerfin geti fylgt eftir þróun á markaðnum. Lagt er til að hugtakið „söfnunarstöð eða móttökustöð“ verði notað í staðinn, eða að talað verði um „söfnunaraðila“. Skilakerfi gera þá samkomulag við sveitarfélög um staðsetningu þjónustunnar, sem og við aðra sem safna úrganginum og fara í viðskipti við skilakerfi.

Í 2. gr. a. (14. gr.) eru skyldur sveitarfélaga tíundaðar. Í samræmi við önnur ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs ætti að nægja að nefna í 1. mgr. að „Sveitarfélög skulu sjá um að boðið sé uppá móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum. Taka skal við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst.“ Óþarfi er að tiltaka hvar það skuli gert eða hver skuli gera það, sbr. framangreint. Bæði 2. og 3.

mgr. a. (14 gr.) eru óþarfar inni lögum um úrgang, því sveitarfélög innheimta nú þegar gjald vegna móttöku rekstrarúrgangs og það er hluti af eðlilegri þjónustu að gefa leiðbeiningar um flokkun á flokkunarstöð. Auk þess er skýrt af 1. mgr. að krafa um gjaldfrjálsa móttöku á eingöngu við um heimilisúrgang. Ef ástæða þykir til að hafa þessi ákvæði inni hljóta þau einnig að eiga við um aðra sem bjóða móttöku á þessum úrgangi.

Í c. (16. gr.) er framleiðendum gert að upplýsa kaupanda um hvar heimilt sé að skila úrganginum. Hér er gengið lengra en tilskipun gerir ráð fyrir en þar segir í 10. gr. að gefa skuli upplýsingar um skilakerfi sem standa til boða. Lagt er til að nota orðalagið. „.....upplýsa um skilakerfi sem standa til boða,.....“. Nákvæmar staðsetningar söfnunarstaða geta breyst, sem og aðferðir við söfnun. Sem dæmi um útfærslu á framkvæmd gætu framleiðendur upplýst að skila megi úrganginum á söfnunarstöðvar fyrir úrgang og/eða í endurvinnslutunnur, ef sú væri raunin og slíkt stæði til boða.

Í e. (18. gr.) er heimild fyrir skilakerfi að skipta landinu á milli sín að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Þetta ákvæði tryggir hagkvæmni söfnunar ef fleiri en eitt skilakerfi taka til starfa. Samtökin benda á að tryggt þarf að vera að samkeppnissjónarmið standi ekki í vegi fyrir því að þetta sé gerlegt, enda yrði þetta framkvæmt í samráði við sveitarfélög. Á sama hátt þarf aðkoma framleiðenda að rekstri skilakerfa að vera ásættanleg gagnvart samkeppnisyfirlöngum.

Í f. (19. gr.) eru tilteknar skyldur stýrinesndar. Lagt er til að þriðja setning 1. mgr. falli á brott en hún bætir engu við lögin og fjallar um ákvæði annarra laga. Stafliðir a. og b. virðast fjalla um sama hlutinn, að halda skrá og reka skráningarkerfi. Lagt er til að b. liður falli á brott. Stýrinesnd skal fjármagna starf sitt með gjaldi til framleiðenda. Ekki er þó ljóst hvernig hún getur hafið sína vinnu því skráningarkerfi þarf að vera til staðar áður en skráningar og gjaldtaka geta hafist. Varðandi g. lið er ekki ljóst á hvaða forsendum stýrinesnd skal meta samningana sem um er rætt.

Í 22. gr. eru heimildir ráðherra til að setja reglugerðir. Þær skulu fara til umsagnar stýrinesnda, skilakerfa og sveitarfélaga. Til að gæta jafnræðis er lagt til að hagsmunaaðilar atvinnulífs fái þær einnig til umsagnar, þannig að allir aðilar sem sæti eiga í stýrinesnd eigi skýra aðkomu en ekki bara einn þeirra.


Margar þessara reglugerða eru grunnurinn að vinnu stýrinesnda og skilakerfa. Afar mikilvægt er að þær verði tilbúnaðar hið fyrsta til að vinna þessara aðila geti farið í gang. Mikilvægt er að tímafrestir varðandi gildistöku laganna taki tillit til þess hversu mikið er í raun óunnið frá löggjafans hendi.

Nokkur þeirra atriða sem talin eru upp í i. (22. gr.) g. og heimild er til að setja í reglugerð eiga betur heima í samningum milli aðila og lagt er til að þeir falli á brott, sbr. stafliðir a. og j. Ef ástæða þykir til að halda a. lið inni mætti hann snúast um fjölda flokka sem tekið er við, eða hversu ítarlega skal að lágmarki flokka úrgang sem skilað er til skilakerfa en eðlilegast væri að þetta atriði væri undir samningum komið. Þá ætti það einnig að eiga við um aðra móttökuaðila en sveitarfélög. Varðandi j. lið ættu fulltrúar skilakerfa, sveitarfélaga og annarra söfnunaraðila að vera fullfærir um að semja sín á milli um hvenær og hvernig þjónusta er veitt. Varðandi e. lið er lagt til að krafa á að seljandi eigi hlut í upplýsingagjöf komi fram í c. (16. gr.). Lagt er til að bætt verði við e. lið orðunum „.....til að upplýsa kaupendur og þá er meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang....“ sbr. í 17. gr.

Í 7. gr. er tillaga að breytingum á skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs. Samtökin styðja þá tillögu og vara við kröfum sveitarfélaga um aukna hlutdeild þeirra í stjórninni. Stofnun Úrvinnslusjóðs var sameiginlegt verkefni stjórnvalda og atvinnulífs. Athugað var á sínum tíma hvort stofnun hlutafélags, án aðkomu ríkisvalds, væri heppileg en aðkoma stjórnvalda var nauðsynleg þegar ákveðið var að innheimta gjaldið í tolli og að ríkissjóður ábyrgðist nauðsynlegt fjárstreymi í sjóðnum á

hverjum tíma. Úrvinnslusjóður er stofnaður til að mæta kröfum um söfnun og endurvinnslu tiltekinna úrgangstegunda. Framleiðendur bera þar ábyrgð og sjóðurinn er stofnaður til að mæta þessum kröfum og uppfylla framleiðendaábyrgð. Gjaldendur úrvinnslugjalds eru framleiðendur og innflytjendur og hefur atvinnuífrið meirihluta í stjórn. Stór hluti af endurgreiðslum Úrvinnslusjóðs rennur til sveitarfélaga og stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir er varða greiðslur til þeirra. Það er óeðlilegt að sveitarfélögin séu með stóran hlut í stjórn og ákvarði sjálf greiðslur atvinnulífsins til sín. Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs fer fyrst og fremst með mál er varða framleiðendur og innflytjendur og því eðlilegt að fulltrúar þeirra eigi þar sæti. Sveitarfélögin eru þeirra viðskiptaaðilar og með öllu óeðlilegt að þau beri meginþungann af eftirliti og umsjón.

Í 6.gr. eru tilgreindar dagsetningar varðandi skráningu í skráningarkerfi og gildistöku ábyrgðar framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum á úrvinnslu þess úrgangs. Minnt er á að nokkrar þeirra reglugerða sem þarf að gera eru forsenda þess að skráning geti hafist og að framleiðendur og innflytjendur geti lokið sinni vinnu. Því er tímapressan mikil á Umhverfisstofnun til að byrja með. Löggjafinn þarf að stilla þessar dagsetningar af þannig að stofnunin fái tíma til að vinna sitt og svo fái framleiðendur, innflytjendur og stýrinefnd tíma til að klára það sem að þeim snýr. Í ljós þessa er lagt til að dagsetningar verði endurskoðaðar.



Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins